

Umsögn Fríkirkjunnar í Reykjavík

**Athugasemd vegna frumvarps til laga um brottfall laga um kirkjubyggingarsjóð,
nr.21 18. maí 1981.**

Lýst er yfir áhyggjum yfir þeirri stefnu í aðskilnaðarferli ríkis og kirkju að ríkið greiði “kirkjulegan arf kynslóðanna” einungis til eins trúfélags og mismuni þannig öðrum kristnum trúfélögum sem standa á sama grunni.

Í því hægfara en vandrataða ferli sem felst í því að greina á milli ríkis og þjóðkirkjustofnunarinnar (ríkiskirkjunnar) annarsvegar og hinsvegar að koma á raunverulegu trúfélagafrelsi á Íslandi virðist sem að af hálfu ríkisins hafi aðeins verið gert ráð fyrir einu kristnu trúfélagi í landinu. En staðreyndin er sú að þau eru fleiri en eitt og eru reyndar nokkuð mörg.

Fyrir meira en hundrað árum tók Fríkirkjan í Reykjavík stór skref í átt til aðskilnaðar ríkis og kirkju. Þau skref voru stigin af mikilli framsýni og af trúardjörfung. Nú þegar Þjóðkirkjustofnunin er að feta í þau fótspor Fríkirkjunnar þá á ekki að refsa Fríkirkjunni fyrir sitt frumkvæði heldur að gæta þess að hún njóti réttar síns.

Fríkirkjan í Reykjavík er meira en aldar gamalt evangelískt lúterskt trúfélag og byggir á þeim sama trúargrunni og íslenska þjóðin hefur játað um aldir. Fríkirkjunni í Reykjavík tilheyra nú alls um 5700 manns og hefur veruleg fjölgun safnaðarfélaga átt sér stað undanfarin fjögur ár. Það hefur einnig fjölgað verulega í öðrum íslenskum lúterskum fríkirkjum undanfarin ár og samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands þá tilheyra hátt í 12.000 Íslendingar þremur evangelískum lúterskum fríkirkjum og er það rúmlega 4% íslensku þjóðarinnar. Auk þess tilheyra 4% þjóðarinnar öðrum trúfélögum sem lang flest eru kristin.

Í lögum um kirkjubyggingarsjóð (1981 nr.21 18. maí) segir í 2. gr. Að “ríkissjóður veitir fé til sjóðsins eftir því sem ákveðið er í fjárlögum”. Nú er lagt til með frumvarpi til laga um brottfall laga um kirkjubyggingarsjóð að sjóðurinn verði látin renna í Jöfnunarsjóð sókna sem hefur annarskonar tekjustofna og er í vörslu aðeins eins trúfélags.

Ef tryggja á raunverulegt og óskorað trúfrelsi í landinu er eftirfarandi afar mikilvægt:

- a. Að opinberum gjöldum einstaklinga sé hvorki með beinum eða óbeinum hætti ráðstafað til eflingar trúfélaga sem viðkomandi á ekki aðild að.
- b. Að trúfélögum sé ekki mismunað með mismunandi fjárveitingum eða fjárhagslegri fyrirgreiðslu frá hinu opinbera .

Hætt er við að hér sé misbrestur á.

Fríkirkjan í Reykjavík hefur sótt um bæði til Jöfnunarsjóðs og til Kristnisjóðs en fengið höfnun í báðum tilvikum.

Árið 1996 fékk Fríkirkjan í Reykjavík neitun frá Kirkjuráði Þjóðkirkjustofnunarinnar um styrk úr Jöfnunarsjóði sókna, þó svo að tilefni umsóknar hafi verið afar brýnt.

Árið 1997 fékk Fríkirkjan í Reykjavík neitun frá Kirkjuráði Þjóðkirkjustofnunarinnar um úthlutun úr Kristnisjóði, þó svo að tilefni umsóknar hafi verið afar brýnt. Hinn Evangelíski Lúterski Fríkirkjusöfnuður í Reykjavík fékk höfnun á þeirri forsendu að hann væri ekki þjóðkirkjusöfnuður.

Hér er um mikið réttlætismál að ræða og spurning um trúfrelsi í landinu.

Virðingarfyllst,



Hjörtur Magni Jóhannsson
Prestur og forstöðumaður Fríkirkjunnar í Reykjavík.